

L Ö G

27

27. júní

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóv. 1915 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á kjörskrá fyrir prestakosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

28

27. júní

um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir
gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Ráðherra gefur út reglur um meðferð og umbúnað líka, sem flutt eru á milli staða hér á landi eða út úr landinu.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.